

Grunnskólinn í Þorlákshöfn leitar eftir starfskrafti í Frístund:

Óskað er eftir drífandi, hugmyndaríkum og ábyrgum einstaklingi í 40% starf. Ráðið er í stöðuna frá 15. ágúst 2024.

Í starfinu felst eftirfarandi:

- Vinna við Frístund er þjónusta fyrir börn í 1. – 4. bekk eftir að skóla lýkur á daginn. Hlutverk frístundaheimilis er að bjóða uppá skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og skipulögðu starfi.
- Sumarfrístund er starfrækt á sumrin þar sem boðið er upp á heils- og hálf dags námskeið fyrir 6 – 9 ára börn. Möguleiki er á 100% starfi yfir sumarið.

Hæfni:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af starfi með börnum er æskileg.
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæði í vinnubrögðum ásamt góðri samskiptahæfni.

Nánari upplýsingar veitir Sóley Jóhannesdóttir, forstöðumaður frístundaheimilis og félagsmiðstöðvar, soleyj@olfus.is og/eða Jónína Magnúsdóttir, skólastjóri Grunnskólans í Þorlákshöfn í síma 845-0467, jonina@olfus.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FOSS. Starfið hentar öllum kynjum. Sótt er um í gegnum vef sveitarfélagsins:

<https://www.olfus.is/is/moya/formbuilder/index/index/umsokn-um-starf>

Umsækjandi þarf að skila inn sakavottorði í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Umsóknum skal skila rafrænt á heimasíðu Ölfuss www.olfus.is fyrir 3. júlí 2024

Í Grunnskólanum í Þorlákshöf eru um 270 nemendur í 1. – 10. bekk og við hann starfar hæft og vel menntað starfsfólk. Stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi sem endurspeglast í einkunnarorðum skólans: Vinátta, virðing og velgengni. Skólinn er grænfánaskóli sem hefur innleitt uppeldisstefnuna *Uppeldi til ábyrgðar* ásamt áherslu á teymiskennslu. Sveitarfélagið Ölfus hefur sinnt skólamálu af miklum metnaði og er húsnæði skólans gott líkt og allur aðbúnaður. Nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.